

16. febrúar 2021

### Erindi til umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar.

Íbúar við Hrauntungu og skólastjóri Víðistaðaskóla óska eftir því við umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðarbæjar að tryggð verði gönguleið til og frá Víðistaðaskóla á meðan framkvæmdum við Hrauntungu 5 stendur. Lagt er til að brugðist verði við tafarlaust og gönguleið girt af sbr. rauðar merkingar á meðfylgjandi mynd, þar sem framkvæmdir við niðurrif húsa á lóðinni eru hafnar.

Í ljósi fjölda barna sem gengur þessa leið til og frá skóla væri ákjósanlegast ef hægt væri að tryggja gönguleið með þeim hætti að ekki sé hægt að leggja bílum á því svæði, sem er rauðmerkt á mynd, þar sem bílum er ídulega lagt þeim megin götunnar sem rauða línan er og því er ekki um annað að ræða fyrir börn og aðra vegfarendur en að ganga á götunni meðan á framkvæmdum stendur.

